


1. BRÉF



Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar stóð fyrir skoðanakönnun um jafnréttismál o.fl. í maí 1976.

100 konum og 100 körlum í bænum á aldrinum 20 til 55 ára var færður spurningalisti. Svör bárust frá 80% kvennanna og 73% karlanna. Sams konar könnun var gerð á sama tíma í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði.


Tilgangurinn var að afla upplýsinga um mismunandi stöðu kynjanna og félagslega uppbyggingu bæjanna svo mönnum yrðu þessir þættir ljósari.

Nefndin sendir á næstu mánuðum frá sér 5 bréf með ýmsum upplýsingum um niðurstöðurnar í Neskaupstað auk samanburðar við hina bæina þegar ástæða þykir til. Bréfunum er ætlað að vekja menn til umhugsunar og umræðu. Efni þeirra verður: 1. viðhorf til jafnréttismála og atvinnuþátttaka kvenna, 2. vinnutími, 3. menntun, 4. börn, 5. heimilishald.

Samkvæmt könnuninni álitur meiri hluti íbúa í Neskaupstað að jafnrétti milli kynja ríki ekki í raun. Eyrsta skrefið í átt til úrbóta er einmitt að bæði karlar og konur viðurkenni að konur hafi ekki sömu tækifaeri eða möguleika í atvinnu og félagslífi og karlar.

Aðgerðir á kvennaári 1975 opnuðu augu margra.

Það er kaldhæðni að hið mikilvæga hlutverk kvenna að ganga með og ala börn hefur snúist gegn þeim og er undirrot kúgunar þeirra.




Athvágisvert er að konur gera sér mun betur grein fyrir misréttinu en karlar. Þar með er hnekkð þeirri þjóðsögu að aðeins fáar konur tali um misrétti, flestum konum finnist hlutirnir í lagi.

Heilar atvinnugreinar byggja afkomu sína á vinnu kvenna.

Sumir telja hlutverk kvenna sem eiga börn eingöngu vera á heimilunum. En hvað yrði um starfsemi t.d. frystihúsanna, sjúkrahúsanna og skólanna ef hugmyndir þeirra yrðu ofan á? Svar við þeirri spurningu fékkst 24. október 1975 þegar nær allar konur í atvinnulífinu lögðu niður vinnu til þess að leggja áherslu á mikilvægi starfa sinna.

Atvinnupátttaka giftra kvenna í Neskaupstað:




Konur sem eingöngu eru húsmæður eru mun færri en þær sem vinna utan heimilis. Athyglisvert er að um 80% þeirra vinna láglaunastörf sem ekki krefjast undirbúnings

En konur öðlast ekki jafnrétti á við karla með atvinnupátttökunni einni. Það þarf jafnframt að miða skipulag atvinnulífsins og þjóðfélagsuppbygginguna við pátttöku beggja foreldra í atvinnulífinu með ýmsum félagslegum aðgerðum. Það þarf að auka samneyzluna t.d. með dagheimilum fyrir börn frá eins árs aldri, skóladagheimilum fyrir yngri börn á barnaskólaaldri og meiri möguleikum á tilbúnum máltíðum. Einnig þurfa foreldrar að eiga þess kost að aðlaga vinnutíma sinn foreldrahlutverkinu.

Viðhorf til útivinnu kvenna.

Er æskilegt eða óæskilegt að konur vinni utan heimilisins ?



Mikill meirihluti kvenna og karla telur eðlilegt að konur vinni fyrir sér sjálfar en jafnframt kemur fram að menn sjá á því annmarka, góðar aðstæður þurfa að vera fyrir hendi. All margir aðhyllast 1/2 dags störf. Það eru þeir sem álíta að konur eigi áfram að vinna heimilisstörfin einar. Er það lausn?

Ef kona vinnur fullt starf utan heimilis verður annað heimilisfólk að breyta lifnaðarháttum sínum, eðlilegt er að karlinn minnki sína vinnu og taki þátt í heimilishaldinu til jafns við konuna. Jafnframt verða konur að líta starf sitt alvarlegum augum, en ekki sem tilfallandi aukavinnu til að drýgja tekjur heimilisins.

Athvylgilegt er að engin kona í bænum telur vinnu utan heimilis algerlega óæskilega og aðeins 8% karlanna. Karlar í Neskaupstað eru mun jákvæðari til útivinnu kvenna en karlar í hinum bæjunum.